

Persónuverndaryfirlýsing Tónlistarskóla Árnésinga

1. Almenn

Tónlistarskóla Árnésinga, kt. 660269-1269, Eyra­vegi 9, 800 Selfoss (hér eftir „Tónlistarskóli Árnésinga“, „skólinn“, „við“, „okkar“), er ann­ um friðhelgi einstaklinga og tekur persónuvernd mjög alvarlega. Skólinn leggur mikla áherslu á að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf. Í þessari tilkynningu má sjá hvaða persónuupplýsingum skólinn safnar um einstaklinga vegna starfsemi sinnar og í hvaða tilgangi. Þá má hér finna upplýsingar um aðra viðtakendur upplýsinganna og hvað við geymum þær lengi. Auk þess má hér finna upplýsingar um á hvaða grundvelli skólinn safnar persónuupplýsingum, hvaða réttinda einstaklingar njóta og fleiri mikilvægar upplýsingar sem tengjast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

2. Um hverja safnar Tónlistarskóli Árnésinga persónuupplýsingum?

Í starfsemi Tónlistarskóla Árnésinga er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga. Þær persónuupplýsingar sem skólinn hefur undir höndum geta verið um starfsmenn, viðsemjendur, nemendur, aðstandendur nemenda og aðra þriðju aðila sem nauðsynlegt er að eiga samskipti við.

3. Hvaða persónuupplýsingum safnar Tónlistarskóli Árnésinga um þig?

Tónlistarskóli Árnésinga safnar ólíkum persónuupplýsingum um mismunandi hópa einstaklinga eftir því hvaða starfsemi skólans er um að ræða. Undir öllum kringumstæðum leitast skólinn við að safna einungis þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar.

Tónlistarskóli Árnésinga safnar nauðsynlegum upplýsingum um starfsfólk, til dæmis upplýsingum um nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, viðveru, laun og fleira. Einnig þarf skólinn að halda til haga nauðsynlegum tengiliðaupplýsingum, svo sem nafni og netfangi, um nemendur, viðsemjendur og aðra þriðju aðila.

4. Af hverju safnar Tónlistarskóli Árneseinga persónuupplýsingum um þig?

Tilgangurinn með söfnun upplýsinganna er að:

- Geta efnt samningsskyldu, til dæmis við starfsmenn, nemendur, aðstandendur nemenda og viðsemjendur.
- Geta veitt nemendum umbeðna kennslu.
- Gæta að lögmætum hagsmunum skólans, til dæmis með eignaskráningum.

5. Á hvaða lagagrundvelli vinnur Tónlistarskóli Árneseinga persónuupplýsingar um þig?

Tónlistarskóli Árneseinga safnar og vinnur persónuupplýsingar á eftirfarandi lagagrundvelli:

- Samþykki þínu.
- Til að uppfylla samningsskyldu.
- Til að uppfylla lagaskyldu.
- Til að gæta að lögmætum hagsmunum skólans.

6. Hve lengi geymir Tónlistarskóli Árneseinga persónuupplýsingar um þig?

Tónlistarskóli Árneseinga geymir persónuupplýsingar einungis í þann tíma sem nauðsynlegt er fyrir skólann að hafa þær undir höndum. Þegar ekki er þörf fyrir að hafa persónuupplýsingar undir höndum lengur skilar skólinn þeim til Héraðsskjalasafns Árneseinga.

7. Frá hverjum safnar Tónlistarskóli Árneseinga upplýsingum um þig?

Skóinn safnar persónuupplýsingum frá þér beint. Ef safnað er persónuupplýsingum frá þriðja aðila mun skólinn eftir fremsta megni leitast við að upplýsa viðkomandi einstakling um það.

8. Hvenær miðlar Tónlistarskóli Árneseinga þínum persónuupplýsingum til þriðju aðila og af hverju?

Skólinn miðlar persónuupplýsingum til þriðju aðila sem ráðnir eru af skólanum til að vinna fyrir fram ákveðna vinnu, svo sem þjónustuveitenda, umboðsmanna eða verktaka. Í þeim tilfellum gerir skólinn vinnslusamning við viðkomandi aðila. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að fylgja fyrirmælum frá skólanum um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber honum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti.

Skólinn miðlar einnig upplýsingum til þriðju aðila þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum, til dæmis til Ríkisskattstjóra.

9. Flutningur persónuupplýsinga út fyrir Evrópska efnahagssvæðið

Tónlistarskóla Árnesinga er kunnugt um að ströng skilyrði gilda um flutning persónuupplýsinga til ríkja sem staðsett eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Skólinn gerir það ekki undir neinum kringumstæðum nema fullnægjandi heimild standi til þess samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

10. Réttindi þín

Hafir þú veitt samþykki þitt fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga átt þú rétt samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 að afturkalla samþykki þitt hvenær sem er. Sá réttur hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fór áður en samþykki var afturkallað. Þá nýtur þú einnig annarra réttinda, svo sem réttar til aðgangs að þínum gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum um þig verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þig og réttar til að flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi þín eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

11. Öryggi persónuupplýsinga

Tónlistarskóli Árnesinga hefur gripið til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana til að tryggja öryggi persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Felur það meðal annars í sér að aðeins þeir starfsmenn hafa aðgang að persónuupplýsingum sem þess þurfa starfs síns vegna. Auk þess stuðlar skólinn að því að starfsmenn fái reglulega viðeigandi fræðslu og þjálfun um öryggismál.

12. Samskiptaupplýsingar Tónlistarskóla Árnesinga

Nafn: Tónlistarskóli Árnesinga

Heimilisfang: Eyravegur 9, 800 Selfoss

Netfang: tonar@tonar.is

13. Frekari upplýsingar og persónuverndarfulltrúi

Ef þú hefur frekari spurningar um hvernig Tónlistarskóli Árnesinga meðhöndlar þínar persónuupplýsingar, þá eru þetta samskiptaupplýsingarnar hjá persónuverndarfulltrúan okkar.

14. Réttur til að leggja fram kvörtun hjá persónuvernd

Dragir þú í efa að Tónlistarskóli Árneseinga meðhöndli persónuupplýsingar þínar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 hefur þú rétt til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd (www.personuvernd.is).

15. Endurskoðun á þessari persónuverndaryfirlýsingu

Persónuverndaryfirlýsing þessi var samþykkt 29. nóvember 2019 og verður næst endurskoðuð 29. nóvember 2020.